

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 6/2022

Kæra ILVA ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 18. júlí 2022.

1. Þann 27. apríl 2023 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2022: Kæra ILVA ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 18. júlí 2022. Í málinu úrskurða Hjördís Halldórsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 12. ágúst 2022, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að fyrirkomulag kæranda á kynningu á rýmingarsölu hafi ekki verið í samræmi við skilyrði 6. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði og þar með brotið gegn 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með ákvörðuninni var kæranda bannað að viðhafa umrædda viðskiptahætti með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 9. mars 2022, upplýsti stofnunin að henni hefðu borist ábendingar vegna auglýstrar útsölu í tilefni lokunar verslunar kæranda á Korputorgi. Ábendingarnar ættu það sammerkt að kvartað væri yfir að auglýstur hefði verið 30-70% afsláttur og 70-80% afsláttur af öllum vörum verslunarinnar þegar reyndin hefði verið sú að afslátturinn hefði einungis átt við sýningareintök en ekki allar vörur verslunarinnar. Í bréfinu var athygli kæranda vakin á að upplýsingaskortur um takmörkun afsláttarkjara kynni að vera til þess fallinn að teljast í andstöðu við tiltekin ákvæði laga nr. 57/2005.
5. Kærandi brást við erindi Neytendastofu með bréfi, dags. 21. mars 2022. Kom þar fram að allar þær vörur sem hefðu verið til sölu í umræddri verslun hefðu verið til sölu á þeim afslætti sem auglýstur var. Í einhverjum tilvikum hefðu eingöngu sýnishorn tiltekinna vara verið til sölu á umræddum afslætti þrátt fyrir að unnt hefði verið að kaupa þær vörur á fullu verði frá vöruhúsi fyrirtækisins eða í verslun þess á Akureyri. Vegna þessa hefði verið tiltekið sérstaklega að útsalan væri eingöngu í verslun fyrirtækisins á Korputorgi. Í þeim tilvikum þar sem nokkuð magn hefði verið til af þeim vörum sem voru til sölu í umræddri verslun hefðu birgðir verið færðar úr vöruhúsi og þeim framstillt í magni ósamsettar eins og tíðkaðist á lagersölum. Þannig hefði verið mjög greinilegt hvort að um mikið magn hefði verið að ræða eða aðeins einstök sýningarhúsgögn.

6. Kærandi benti á að takmörkun á þeim afslætti sem um ræddi hefði falist í því að eingöngu vörur sem voru í verslun fyrirtækisins á Korputorgi hefðu verið á útsölu. Sú takmörkun hefði komið mjög skýrt fram í öllu markaðsefni. Því teldi kærandi að útsala fyrirtækisins hefði ekki brotið í bága við ákvæði laga nr. 57/2005.
7. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 6. apríl 2022, var á ný fjallað um umrædda útsölu. Í bréfinu var því komið á framfæri að í 11. gr. laga nr. 57/2005 væri fjallað um útsölur. Þar segði að útsölu eða aðra sölu, þar sem selt væri á lækkuðu verði, mætti aðeins auglýsa eða tilkynna væri um raunverulega verðlækkun að ræða. Þess skyldi þá gætt að greinilegt væri með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar hefði verið. Tilgangur ákvæðisins væri að koma í veg fyrir að neytendur væru blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Neytendastofa hefði með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 sett reglur nr. 366/2008 um útsölur eða aðra sölu þar sem selt væri á lækkuðu verði. Þar væri fjallað um rýmingarsölu í 1. mgr. 6. gr. Slíka sölu skyldi aðeins auglýsa ef hún væri tengd því að verslun hætti eða verslun hætti sölu tiltekins vöruflokks. Rýmingarsala skyldi ekki standa yfir í lengri tíma. Ætti hún einungis við um takmarkað vöruúrval skyldi það tekið skýrt fram í auglýsingum og varan höfð aðgreind frá öðrum vörum. Vara sem seld hefði verið á rýmingarsölu skyldi ekki selja síðar á fullu verði. Þá væri tiltekið í 2. mgr. 6. gr. að um verðmerkingar rýmingarsölu giltu sömu reglur og um lækkað verð.
8. Í bréfinu var bent á að í svarbréfi kæranda til Neytendastofu hefði komið fram að í einhverjum tilvikum hefðu eingöngu verið til sölu sýnishorn af húsgögnum sem hefðu verið í versluninni á umræddum afslætti þrátt fyrir að meira magn hefði verið til af umræddri vöru í vöruhúsi og verslun kæranda á Akureyri. Þá mætti sjá í fjölda auglýsinga kæranda sem birtar hefðu verið á Facebook síðu kæranda að notast hefði verið við hugtakið rýmingarsala. Þegar horft væri til framangreindra skýringa kæranda kynni sú háttsemi að auglýsa rýmingarsölu að brjóta gegn lögum nr. 57/2005 og reglum nr. 366/2008. Neytendastofa óskaði eftir frekari skýringum um þær vörur sem seldar voru á umræddri rýmingarsölu kæranda. Var í bréfinu sérstaklega vísað til þeirra vara sem seldar voru á rýmingarsölu þrátt fyrir að meira magn hennar væri til á lager sem og hvort vörur sem seldar hefðu verið á rýmingarsölu væru enn til sölu í verslunum og þá á hvaða verði, hinu upprunalega verði eða útsöluverði rýmingarsölu.
9. Kærandi brást við erindinu með bréfi, dags. 10. maí 2022. Í bréfinu kom fram sú afstaða kæranda að heimilt væri samkvæmt reglum nr. 366/2008 að nota hugtakið rýmingarsala við losun á þeim vörum sem hefðu verið til sölu í þeirri verslun kæranda sem til stóð að loka. Ljóst væri að reglurnar gerðu ekki kröfu um að rýmingarsala fyrirtækis sem ræki fleiri en eina verslun þyrfti að ná til þeirra allra svo að heimilt væri að nota hugtakið rýmingarsala. Auglýsingar kæranda hefðu verið mjög skýrar að þessu leyti. Ávallt hefði verið tekið fram að einungis væri um að ræða rýmingarsölu í versluninni á Korputorgi en ekki í öðrum verslunum kæranda.
10. Í bréfi kæranda kom fram að rekstri fyrirtækisins væri þannig háttað að rekið væri miðlægt vöruhús sem hýsti þær vörur sem félagið flytti inn. Þar væru einnig geymdar vörur systurfélags kæranda. Vöruhúsið væri skýrlega aðgreint frá verslun kæranda, bæði kerfislega og stjórnumarlega. Birgðir í verslunum væru fyrst og fremst í magni smávöru. Stærri húsgögn væru í flestum tilvikum eingöngu

til í stykkjavís í verslunum sem sýnishorn. Meginþorri birgða væri í vöruhúsi sem þjónustaði allar verslanir kæranda. Þrátt fyrir að vörur í verslun kæranda á Korputorgi hefðu verið á rýmingarsölu hefði hið sama ekki átt við um vörur í miðlægu vöruhúsi kæranda. Þetta hefði verið skýrt í auglýsingum um rýmingarsöluna. Á sama tíma hefðu sömu vörur því verið seldar á upprunalegu verði í verslun félagsins á Akureyri og í vefverslun félagsins.

11. Í bréfinu kom einnig fram að í þeim tilvikum sem seldar voru vörur sem voru hluti af núverandi vöruúrvali annarra verslana fyrirtækisins, væru þær vörur enn til sölu á upprunalegu verði. Þetta sé í samræmi við 6. gr. reglna nr. 366/2008 sem áskilji að vara sem seld hafi verið á rýmingarsölu skuli ekki selja síðar á fullu verði. Ákvæðið verði ekki túlkað með öðrum hætti en að það nái eingöngu til þeirrar verslunar sem hafi verið með rýmingarsölu. Umræddar vörur hefðu ekki verið seldar á rýmingarsölu, heldur hafi verið seldar á upprunalegu verði í öðrum verslunum en verslun kæranda á Korputorgi. Með vísan til þessa taldi kærandi að fyrirtækið hefði ekki brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 eða reglum nr. 366/2008.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

12. Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. júlí 2022, var kæranda kynnt hin kærða ákvörðun. Er þar vísað til 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og 6. gr. reglna nr. 366/2008. Tilgangur umræddra ákvæða sé að koma í veg fyrir að neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um verðlækkunar. Óumdeilt sé að auglýst hefði verið verðlækkun kæranda á Korputorgi ásamt því að farið hefði verið eftir reglum um birtingu á fyrra verði. Ákvörðunin lyti á hinn bóginn að fyrirkomulagi á hinni auglýstu rýmingarsölu og skilyrðum hennar.
13. Ákvæði 6. gr. reglna 366/2008 sé skýrt um þær kröfur sem gerðar séu til rýmingarsölu. Þar segi að slíka sölu skuli aðeins auglýsa sé hún tengd því að verslun hætti eða verslun hætti sölu tiltekinn vörflokks. Þá sé enn fremur mælt fyrir um að vara sem seld hafi verið á rýmingarsölu skuli ekki seld síðar á fullu verði. Eins og fram komi í gögnum málsins hafi rýmingarsala kæranda aðeins tekið til verslunar kæranda á Korputorgi en ekki til verslunar kæranda á Akureyri eða vefverslunar.
14. Þá megi jafnframt benda á að verslun kæranda á Akureyri og vefverslun hafi selt sömu vörur á sama tíma og þær vörur sem auglýstar hafi verið á rýmingarsölnni á Korputorgi, en á fullu verði. Það eigi því ekki við að kærandi hafi auglýst rýmingarsölu vegna þess að tilteknir vörflokkar væru að hætta í sölu. Þá komi fram í gögnum málsins að hluti þeirra vara sem auglýstar hafi verið á rýmingarsölnni á Korputorgi séu enn til sölu í báðum verslunum félagsins sem og í vefverslun, en nú á fullu verði.
15. Neytendastofa geri ekki athugasemd við það í sjálfu sér að fyrirtæki auglýsi verðlækkunar í tilefni þess að verslun loki og opni á nýjum stað. Þess þurfi þó að geta að framsetning auglýsinganna sé þannig að neytendum séu ekki veittar villandi upplýsingar um hvaða vörur séu boðnar á hinu lækkaða verði og í hverju tilboðið felist. Sé hugtakið rýmingarsala notað við auglýsingar á verðlækkun, gefi það til kynna að þegar rýmingarsalan líði undir lok muni neytendur ekki hafa aðgang að þeim vörum sem seldar hafi verið á hinu lækkaða verði, hvort sem það sé vegna þess að verslunin sjálf hætti starfsemi eða að verslunin hætti sölu á ákveðinni vöru. Notkun hugtaksins við

þær aðstæður þegar verslun loki á einum stað, flytji sig um set og haldi áfram sölu á þeim vöru sem seldar voru á lækkuðu verði á öðru stað, kunni því að vera villandi fyrir neytendur. Kynnu neytendur við þær aðstæður að skilja auglýsingar um rýmingarsölu þannig að varan muni ekki standa þeim lengur til boða að rýmingarsölu lokinni.

16. Fyrir liggi að verslun kæranda hafi ekki verið að hætta og tilteknir vörflokkar hafi ekki verið að hætta í sölu. Auk þess hafi kærandi auglýst vörur á rýmingarsölu sem síðar hafi verið seldar aftur á fyrra verði að rýmingarsölu lokinni sem og á fullu verði í annarri verslun kæranda á sama tíma og rýmingarsala var kynnt. Þegar horft sé til inntaks ákvæðisins og gagna málsins megi því vera ljóst að fyrirkomulag á kynningum á rýmingarsölu kæranda hafi ekki verið í samræmi við þau skilyrði sem 6. gr. reglna nr. 366/2008 mæli fyrir um. Þá hafi fyrirkomulagið verið villandi gagnvart neytendum og til þess fallið að hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni neytenda. Hefði það því brotið gegn 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 bannaði Neytendastofa kæranda að viðhafa umrædda viðskiptahætti.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

17. Í kæru, dags. 12. ágúst 2022, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og komist að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag á kynningum kæranda á rýmingarsölu, sem ákvörðunin lúti að, verði talin samræmast lögum nr. 57/2005 og reglum nr. 366/2008.
18. Kærandi telur að niðurstaða Neytendastofu um að tilteknir vörflokkar hafi ekki verið að hætta í sölu byggji öðrum þræði á misskilningi á svörum kæranda. Það hafi eingöngu í undantekningartilvikum átt við að vörur hafi verið auglýstar á rýmingarsölu en að þær hafi verið seldar fullu verði síðar. Slík tilvik séu bundin við nokkur sýnishorn af húsgögnum sem seld hafi verið á rýmingarsölnni þar sem þau þóttu óhæf sem sýningarhúsgögn í nýrri verslun vegna slits. Allar aðrar vörur sem hafi verið auglýstar á rýmingarsölnni hafi fyrirtækið síðan hætt með endanlega í sölu. Þá hafi það einungis verið í undantekningartilvikum sem sama vara hafi verið í sölu í verslun kæranda á Akureyri. Verslun kæranda á Korputorgi hafi verið hluti af hugmyndafræði sem kærandi hafi þróað í um 10 ár og byggt á mjög stórum verslunum með miklu úrvali. Hin nýja verslun kæranda, sem hafi verið opnuð í kjölfarið, sé byggð á nýrri hugmyndafræði. Verslunin sé minni og hafi mun minna vöruúrval. Það sama eigi við um verslun kæranda á Akureyri. Þær vörur sem seldar hafi verið rýmingarsölu á Korputorgi hafi ekki verið í vöruúrvali kæranda eftir rýmingarsöluna. Í samskiptum við Neytendastofu hafi kærandi lagt áherslu á þau undantekningartilvik sem kynnu að felast í sölu nýrra sýnishorna sem ekki hafi þótt hæf sem slík í nýja verslun vegna útlits.
19. Að mati kæranda sé rökstuðningi hinnar kærðu ákvörðunar áfátt þar sem ekki hafi verið tekið á meginmálsástæðu og röksemdum kæranda þess efnis að rýmingarsala hafi einungis farið fram í einni verslun kæranda eins og skýrt hafi komið fram í öllu auglýsinga- og kynningarefni í tengslum við rýmingarsöluna. Þá telur kærandi að ákvörðunin sé efnislega röng þar sem markaðs- og kynningarefni í tengslum við rýmingarsöluna hafi verið skýrt og til samræmis við 6. gr. reglna nr. 366/2008 og lög nr. 57/2005. Tekið hafi verið fram að rýmingarsalan væri einungis í versluninni á

Korputorgi. Þeirri verslun hafi verið lokað og því ekki um það að ræða að sömu vörur hafi verið seldar áfram í versluninni.

20. Kærandi bendir á að samkvæmt 6. gr. reglna nr. 366/2008 sé heimilt að nota hugtakið rýmingarsala tengt því að verslun hætti eða að verslun hætti sölu tiltekins vöruflokks. Hugtakið feli í sér að einhvers konar rýming eigi sér stað. Með hliðsjón af orðalagi ákvæðisins geti rýmingin falist í rýmingu á verslun eða rýmingu á tilteknum vörum. Í því tilviki sem hin kærða ákvörðun lúti að hafi staðið til að kærandi hætti rekstri verslunar sinnar á Korputorgi. Að mati kæranda sé mjög skýrt að heimilt sé samkvæmt reglum nr. 366/2008 að nota hugtakið rýmingarsala við kynningu á lækkuðu verði vegna losunar á þeim vörum sem hafi verið til sölu í þeirri tilteknu verslun að Korputorgi. Ljóst hafi verið að rýma hafi þurft verslunina þar sem leigusamningur um eignina hafi verið á enda. Reglur nr. 366/2008 geri ekki kröfu um að rýmingarsala aðila sem reki fleiri en eina verslun þurfi að ná til þeirra allra svo heimilt sé að nota hugtakið. Í þessu sambandi áréttar kærandi að auglýsingar fyrirtækisins hafi verið mjög skýrar að þessu leyti. Ávallt hafi verið tekið fram að einungis hafi verið um að ræða rýmingarsölu í versluninni að Korputorgi en ekki í öðrum verslunum. Kynningarefni kæranda hafi því ekki verið villandi.
21. Í hinni kærðu ákvörðun komi meðal annars fram að Neytendastofa geri ekki athugasemdir við að fyrirtæki auglýsi verðlækkanir í tilefni þess að verslun loki og opni á nýjum stað. Gæta þurfi þó vel að framsetningu auglýsinganna. Þá segi í hinni kærðu ákvörðun að sé hugtakið rýmingarsala notað við auglýsingar á verðlækkun gefi það til kynna að þegar rýmingarsalan líði undir lok muni neytendur ekki hafa aðgang að þeim vörum sem seldar hafi verið á hinu lækkaða verði, hvort sem það sé vegna þess að verslunin sjálf hætti starfsemi eða að verslunin hætti sölu á ákveðinni vöru. Kærandi hafnar þessari túlkun, enda verði hún hvorki leidd af lögum né reglum nr. 366/2008. Í því sambandi megi nefna að fjölmargar vörur standi neytendum til boða í mismunandi og mögulega ótengdum verslunum. Því sé ljóst að rýmingarsala þurfi ekki að gefa neytendum þá hugmynd að vara sem seld sé á rýmingarsölu í einni verslun muni ekki standa þeim til boða síðar í annarri verslun. Slík túlkun leiði ekki af þeim reglum sem Neytendastofa vísi til í ákvörðun sinni. Hins vegar kunni auglýst rýmingarsala í tiltekinni verslun að gefa neytendum þá hugmynd að vörur muni ekki standa þeim til boða aftur í þeirri tilteknu verslun eins og raunin hafi verið við lokun verslunar kæranda að Korputorgi. Kærandi hafi gætt sérstaklega vel að því að framsetning auglýsinganna væri skýrt.
22. Kærandi áréttar að samkvæmt reglum nr. 366/2008 sé það skilyrði rýmingarsölu að hún sé tengd því að verslun hætti eða verslun hætti sölu tiltekins vöruflokks. Verslun kæranda á Korputorgi hafi hætt starfsemi og rýma hafi þurft verslunina. Kærandi telji ljóst að auglýsingar og kynningarefni um rýmingarsölu verslunarinnar hafi verið í fullu samræmi við reglur nr. 366/2008. Verslun kæranda hafi ekki flutt, heldur hafi ný verslun verið opnuð á öðrum stað. Vísar kærandi í þessu samhengi til þess að umtalsverður stærðarmunur hafi verið á umræddum verslunum og vöruúrval þeirra hafi verið ólíkt. Þá hafi verið sótt um sérstakt starfsleyfi fyrir hina nýja verslun.
23. Kærandi telur að túlka verði skilyrði reglna nr. 366/2008 með þeim hætti að vöru megi ekki selja síðar á sama verði í sömu verslun. Önnur túlkun sé ótæk, enda myndi það leiða til þess að aðrar og

eftir atvikum ótengdar verslanir gætu ekki selt umrædda vöru áfram á fullu verði. Í þessu samhengi megi einnig nefna að matvöruverslun sem loki verði tæplega óheimilt að auglýsa rýmingarsölu á matvöru, þrátt fyrir að sambærileg vara væri áfram fánleg í öðrum verslunum. Það sé því ljóst að ákvæðið verði ekki túlkað á annan veg en svo að auglýsa megi rýmingarsölu í verslun, svo lengi sem umrædd verslun loki, svo sem leiða megi ef orðalagi 6. gr. reglna nr. 366/2008.

24. Markmið þeirra reglna sem vísað sé til í hinni kærðu ákvörðun sé að kynningarefni og auglýsingar séu ekki villandi fyrir neytendur. Markaðsefni kæranda hafi verið mjög skýrt að því leyti að rýmingarsala tók einungis til verslunar á Korputorgi og eingöngu náð til þess vöruúrvals.
25. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 17. október 2022, var Neytendastofu gefinn kostur á að taka afstöðu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 30. september 2022. Þar er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Í greinargerðinni kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að rök kæranda þess efnis að umrædd verslun kæranda hafi hætt starfsemi fái ekki staðist, enda hafi verslunin ekki hætt heldur flutt annað. Vísað er til þess að á heimasíðu kæranda komi fram að fyrirtækið reki tvær verslanir og að kærandi hafi í mars 2022 flutt aðra verslun sína frá Korputorgi yfir í Kaupþún. Röksemdir kæranda um að verslun fyrirtækisins hafi lokað og hætt starfsemi sökum þess að leigusamningur hafi runnið sitt skeið teljist því varla haldbærar. Þá hafi jafnframt komið fram í auglýsingum kæranda á samfélagsmiðlum að í ljósi flutnings verslunarinnar þurfi fyrirtækið aðstoð við að tæma hana. Undirstriki framangreint að kærandi líti ekki svo á að verslunin hafi hætt starfsemi heldur einungis flutt starfsemi sína. Þá megi benda á að Neytendastofa geri almennt ekki athugasemdir við að fyrirtæki auglýsi verðlækkanir í slíkum tilvikum, t.a.m. þegar verslun flytji um set og opni á nýjum stað, sé þess gætt að markaðssetning sé ekki villandi.
26. Neytendastofa telur að það sé grundvallaratriði að hugtakið rýmingarsala sé notað með réttmætum hætti. Að mati stofnunarinnar sé engum vafa undirorpið að hugtakið gefi til kynna að við lok rýmingarsölu sé ógerlegt að kaupa þær vörur sem þar hafi verið að finna, hvort heldur sem sé vegna þess að starfseminni hafi verið hætt eða að umræddir vöruflokkar séu ekki lengur í sölu. Hughrfin þegar auglýst sé að rýmingarsala sé einmitt ætlað að hafa þau áhrif að neytendur fari fljótt á sölustaðinn, enda sé sá almenni skilningur á rýmingarsölum að um sé að ræða vörur í takmörkuðu upplagi sem verði óaðgengilegur að henni lokinni og afsláttur jafnvel mikill. Felist framangreint í eðli sínu í hugtakanotkuninni og almennum skilningi fólks á því hvað rýmingarsala í raun og veru sé. Að mati Neytendastofu sé ákvæðið mjög skýrt hvað varði þessi skilyrði og að þess skuli gætt í hvívetna að uppfylla þau þegar fyrirtæki auglýsi rýmingarsölu, enda hvergi mælt fyrir um undanþágu frá þessari skyldu.
27. Neytendastofa hafnar athugasemdum kæranda um að niðurstaða stofnunarinnar hafi byggt á misskilningi á svörum kæranda. Í kæru sé því haldið fram að það hafi einungis verið í undantekningartilvikum þar sem vara sem auglýst hafi verið á rýmingarsölu hafi verið seld á fullu verði síðar eða boðin til sölu í versluninni á Akureyri. Neytendastofa bendir á að skýringar í kæru til áfrýjunarnefndarinnar séu að þessu leyti í ósamræmi við svör kæranda til Neytendastofu, dags. 10. maí 2022. Í fyrri svörum kæranda við meðferð málsins hafi komið fram af hálfu kæranda að á þeim tíma þegar rýmingarsalan hafi farið fram hafi sömu vörur verið til sölu á upprunalegu verði í

verslun félagsins á Akureyri og í vefverslun félagsins. Ekki hafi komið fram í kynningarefni kæranda að eingöngu í undantekningartilvikum væru sömu vörur og væru til sölu á rýmingarsölnunni einnig boðnar til sölu á fullu verði í öðrum verslunum kæranda. Hið sama gildi um afstöðu kæranda varðandi það að túlka verði skilyrði 6. gr. reglnanna á þann veg að óheimilt sé að selja vöru sem seld hafi verið á rýmingarsölu síðar á fullu verði í sömu verslun. Það sé mat Neytendastofu að ekki sé hægt að draga þá ályktun að verslun kæranda, sem staðsett var á Korputorgi en síðar opnuð í Kaupþúni að lokinni rýmingarsölu, hafi hætt starfsemi. Að auki hafi kærandi rekið verslun á Akureyri og vefverslun á sama tíma og rýmingarsalan hafi staðið yfir, þar sem fjöldi sömu vara voru seldar á fullu verði á meðan á rýmingarsölu stóð sem og að henni lokinni. Verslunin hafi því hvorki hætt starfsemi né hætt sölu á tilteknum vöruflokkum.

28. Þegar horft sé til framangreinds megi vera ljóst að verslun kæranda hafi ekki hætt starfsemi, tilteknir vöruflokkar hafi ekki hætt sölu auk þess sem vörur sem auglýstar voru á rýmingarsölu hafi verið seldar aftur á fyrra verði að rýmingarsölu lokinni sem og á fullu verði í annarri verslun kæranda og í vefverslun á sama tíma og rýmingarsala var kynnt. Neytendastofa telji að fyrirkomulag á kynningum rýmingarsölu kæranda hafi ekki verið í samræmi við þau skilyrði sem ákvæði 6. gr. reglna nr. 366/2008 mæli fyrir um, auk þess að vera villandi gagnvart neytendum og til þess fallið að hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni neytenda. Af þeim sökum beri að staðfesta hina kærðu ákvörðun.
29. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 12. október 2022, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 27. október 2022. Í bréfinu áréttar kærandi sérstaklega tiltekin sjónarmið.
30. Í fyrsta lagi sé ljóst að engar forsendur séu til annars en að leggja til grundvallar að verslun kæranda á Korputorgi hafi verið lokað en ný verslun opnuð í kjölfarið. Ekki hafi verið um að ræða flutning verslunarinnar. Í þessu sambandi bendir kærandi á að allt kynningarefni um opnun verslunarinnar í Kaupþúni kveði með skýrum hætti á að „ný verslun“ sé að opna. Í framlögðum gögnum komi einnig fram að mikið hafi verið lagt upp úr hinni nýju hugmyndafræði sem búi að baki opnun verslunarinnar að Kaupþúni í öllu kynningarefni, enda hafi vöruúrval verið ólíkt í versluninni sem var lokað og hinni nýju verslun. Þá tekur kærandi fram að nánast ekkert hafi verið flutt úr versluninni að Korputorgi í nýju verslunina að Kaupþúni. Allar verslunarinnréttingar hafi verið nýjar, gólfefni ný, afgreiðslukassar nýir sem og allar merkingar. Hefði verslunin flutt hefði kærandi væntanlega flutt a.m.k. einhvern hluta af því sem tilheyrði eldri versluninni með í nýju verslunina. Þetta hafi ekki verið gert, enda ætlunin að opna nýja og breytta verslun.
31. Í öðru lagi áréttar kærandi að orðalag 6. gr. reglna nr. 366/2008 taki til þess að verslun loki og sé því ekki unnt að túlka ákvæðið með öðrum hætti en að vísað sé til einnar tiltekinnar verslunar. Hefði ætlunin verið að vísa til einhvers annars hefði verið vísað til fyrirtækis, félags eða verslunarkeðju í ákvæðinu. Orðalag 6. gr. reglna nr. 366/2008 verði ekki skýrt með rýmri hætti en leiðir af orðanna hljóðan, enda um að ræða reglur sem séu íþyngjandi fyrir fyrirtæki að því leyti sem þær takmarka frelsi þeirra til markaðssetningar.

32. Í þriðja lagi ítrekar kærandi að það eigi sér enga stoð að túlka ákvæðið þannig að einungis megi auglýsa rýmingarsölu ef tryggt sé að ekki verði unnt að nálgast vöruna síðar í annarri verslun. Ógerningur sé að tryggja að tiltekin vara fái ekki síðar í öðrum verslunum.
33. Í fjórða lagi hafi í fáum sem engum tilvikum verið vörur til sölu í verslun kæranda á Akureyri samhliða rýmingarsölu eða síðar í hinni nýju verslun að Kaupþúni, þótt Neytendastofa ráði annað af fyrri svörum kæranda. Að mati kæranda sé þetta þó ekki grundvallaratriði málsins, heldur að kæranda sé heimilt að auglýsa rýmingarsölu í einni tiltekinni verslun sem hafi verið að loka án tillits til þess hvort vara kunni að standa neytendum til boða annars staðar síðar í tengdum eða ótengdum verslunum.
34. Í fimmta lagi áréttar kærandi að markmið þeirra laga og reglna sem hin kærða ákvörðun byggir á sé að tryggja að markaðs- og kynningarefni sé skýrt og ekki villandi fyrir neytendur. Túlkun kæranda á 6. gr. reglna nr. 366/2008 sé til samræmi við það markmið, enda hafi markaðsefni kæranda skýrt afmarkað hvaða tilteknu verslunar rýmingarsalan hafi tekið til. Að sama skapi hafi komið fram í auglýsingum varðandi hina nýja verslun að Kaupþúni að um nýja verslun væri að ræða. Markaðssetning kæranda hafi því ekki verið villandi heldur í samræmi við gildandi lög og reglur.
35. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar til kæranda, dags. 31. mars 2023, var tilteknum fyrirspurnum beint til kæranda varðandi þær vörur sem boðnar höfðu verið til sölu á rýmingarsölu fyrirtækisins á Korputorgi en ekki tókst að selja. Þess var einkum óskað að kærandi upplýsti hvort kærandi hefði flutt vörurnar í aðrar verslanir sínar og haldið áfram að bjóða þær til sölu. Ef svo hefði verið var þess óskað að kærandi upplýsti á hvaða verði þær hefðu verið boðnar til sölu.
36. Kærandi brást við erindi áfrýjunarnefndarinnar með tölvubréfi, dags. 13 apríl 2023. Þar kom fram að hluti af þeim vörum sem ekki hefðu selst á rýminarsölu hefði verið fluttur í aðrar verslanir fyrirtækisins. Öðrum vörum sem ekki hefðu selst hefði verið fargað. Að því varðaði þær vörur sem fluttar hefðu verið í aðrar verslanir kæranda hefðu þær verið boðnar til sölu á sama verði og á rýmingarsölu eða á lægra verði þar til allar vörurnar hefðu verið seldar.

NIÐURSTAÐA

37. Kæran í máli þessu lýtur að ákvörðun Neytendastofu frá 18. júlí 2022 um að fyrirkomulag kæranda á kynningu á rýmingarsölu hefði ekki verið í samræmi við skilyrði 6. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu og einnig brotið gegn 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með ákvörðuninni var kæranda bannað að viðhafa umrædda viðskiptahætti með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
38. Eins og lýst hefur verið að framan lýtur mál þetta að auglýsingum kæranda á rýmingarsölu sem mun hafa farið fram snemma árs 2022. Í gögnum málsins liggja fyrir auglýsingar kæranda þar sem auglýst var „Rýmingarsala“, „Eingöngu í verslun á Korputorgi“, „70-80% afsláttur af öllum vörum“ og „70-80% afsláttur af vörum sem hætta og sýningareintökum“. Kærandi telur að hvorki

kynning fyrirtækisins á rýmingarsölu né framkvæmd hennar hafi brotið í bága við framangreind ákvæði laga nr. 57/2005 eða reglur nr. 366/2008.

39. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Gildir þetta bann áður, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Samkvæmt ákvæðinu er í III.-V. kafla laganna nánar tilgreint hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Þannig segir í 1. mgr. 8. gr. að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Þá kemur í 1. mgr. 9. gr. fram að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Samkvæmt d. lið 1. mgr. 9. gr. tekur ákvæðið til rangra upplýsinga um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Samkvæmt 11. gr. laganna má því aðeins auglýsa útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði ef um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal þá gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð var.
40. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/2005 skal fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur samkvæmt ákvæðinu sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu. Þá er mælt fyrir um það í 18. gr. laganna að Neytendastofa geti gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geti falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skuli mæld, vegin og flokkuð. Getur Neytendastofa gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.
41. Á grundvelli 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa gefið úr reglur nr. 366/2008 um útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 6. gr. laganna er fjallað um rýmingarsölu. Kemur þar fram að rýmingarsölu skuli aðeins auglýsa sé hún tengd því að verslun hætti eða verslun hætti sölu tiltekins vöruflokks. Rýmingarsala skal samkvæmt ákvæðinu ekki standa yfir í lengri tíma og eigi hún einungis við um takmarkað vöruúrval skal það tekið skýrt fram í auglýsingum og varan höfð aðgreind frá öðrum vörum. Vara sem seld hefur verið í rýmingarsölu skal ekki selja síðar á fullu verði.
42. Útsala sú sem kærandi stóð fyrir, og kölluð var rýmingarsala, laut að vörum í verslun kæranda á Korputorgi. Í kjölfar útsölnnar mun kærandi hafa hætt starfsemi verslunar sinnar á Korputorgi og hafið starfsemi í verslun við Kaupþún. Með hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að kæranda hefði verið óheimilt að kynna útsölu sína sem rýmingarsölu þar sem skilyrði 6. gr. reglna nr. 366/2008 voru ekki talin uppfyllt. Kærandi byggir á hinn bóginn á því að sér hafi verið heimilt að kynna útsölu sína sem rýmingarsölu, enda hafi hún átt sér stað í tengslum við að fyrirtækið hafi hætt rekstri verslunar sinnar á Korputorgi og að útsalan hafi einungis tekið til vara sem boðnar voru til sölu í þeirri verslun.

43. Við mat á því hvernig túlka ber orðalag 6. gr. reglna nr. 366/2008 verður að hafa hliðsjón af tilteknum sjónarmiðum er lúta að túlkun laga. Ber að líta til þess að með reglunum eru settar hömlur við háttsemi borgaranna og sem kunna að leiða til töku íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana. Auk þessa verður ekki framhjá því litið að reglurnar takmarka tjáningarfrelsi þeirra sem leggja stund á atvinnurekstur og að slík réttindi njóta verndar 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sbr. dóma Hæstaréttar Íslands 6. apríl 2006 í málum nr. 220/2005 og 462/2005. Með vísan til þessa verður 6. gr. reglna nr. 366/2008 ekki túlkuð svo að víðtækari skorður séu settar við háttsemi einstaklinga eða lögaðila sem hafa með höndum atvinnustarfsemi en sem leiðir af orðalagi ákvæðisins.
44. Samkvæmt 6. gr. reglna nr. 366/2008 er heimilt að auglýsa rýmingarsölu sé hún tengd því að verslun hætti. Umrætt orðalag rúmar þá háttsemi þegar verslunarrekandi starfrækir fleiri en eina verslun og ákveður að hætta starfsemi í einni þeirra án þess að breytingar verði í rekstri annarra verslana fyrirtækisins. Skiptir í því sambandi engu þótt verslunarrekandi kjósi að flytja starfsemi verslunarinnar á annan stað, sé að því gætt að vörur sem seldar hafa verið í rýmingarsölu á fyrri stað séu ekki boðnar til sölu á fullu verði á nýrri staðsetningu verslunarinnar. Að því marki sem orðalag ákvæðisins er óljóst að þessu leyti verður það ekki, í samræmi við þau sjónarmið sem rakin hafa verið hér að framan, túlkað kæranda í óhag. Þá verður ekki séð að til staðar séu ríkir hagsmunir tengdir neytendavernd sem hnígi til þess að orðalag ákvæðisins verði túlkað á annan veg. Með vísan til þessa verður að líta svo á að kæranda hafi verið heimilt að auglýsa rýmingarsölu af því tilefni að verslun fyrirtækisins á Korputorgi var hætt þrátt fyrir að samhliða væri opnuð ný verslun auk annarrar verslunar sem kærandi starfrækta á Akureyri.
45. Einnig er áskilið í 6. gr. reglna nr. 366/2008 að vara sem seld hefur verið rýmingarsölu skuli ekki selja síðar á fullu verði. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem að framan greinir verður að túlka ákvæðið svo að þegar auglýst hefur verið rýmingarsala við þær aðstæður að ein af verslunum verslunarrekanda hætti sé óheimilt að selja þær tilteknu vörur og boðnar hafi verið til sölu á slíkri sölu í þeirri eða öðrum verslunum sama verslunarrekanda síðar á fullu verði. Fram er komið að þegar rýmingarsölu kæranda á Korputorgi lauk mun kærandi hafa ýmist flutt óseldar vörur í aðrar verslanir kæranda eða fargað þeim. Þær vörur sem kærandi hafði áður boðið til sölu á rýmingarsölunni voru síðan boðnar til sölu á sama verði eða lægra verði í öðrum verslunum kæranda. Er því ekki fram komið að þær tilteknu vörur sem boðnar voru til sölu á rýmingarsölunni hafi síðar verið seldar á fullu verði í bága við 6. gr. reglna nr. 366/2008. Með vísan til alls framangreinds verður hvorki séð að kynning kæranda á rýmingarsölu þeirri er mál þetta lýtur að né háttsemi fyrirtækisins í kjölfar hennar hafi brotið gegn 6. gr. reglna nr. 366/2008.
46. Í hinni kærðu ákvörðun var jafnframt vísað til ákvæða 1. mgr. 8. gr., d. liðar 9. gr. og 11. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Eins og að framan greinir voru þær auglýsingar kæranda sem stofnunin byggði ákvörðun sína á skýrar um að rýmingarsalan tæki til vara sem boðnar voru til sölu í verslun kæranda á Korputorgi. Ekkert er fram komið um að umræddar auglýsingar hafi veitt rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði væri að ræða og hvort það væri háð skilyrðum. Að því marki sem það kann að teljast orka tvímælis að nota hugtakið rýmingarsala í tilvikum þar sem ein af fleiri verslunum

verslunarrekanda hættir rekstri eða flytur starfsemi sína, verður við mat á umræddum ákvæðum að líta til þess að auglýsingar kæranda voru tiltölulega skýrar um það hvert var tilefni þeirrar verðlækkunar sem kærandi auglýsti og hvaða vörur féllu þar undir. Með vísan til þessa verður að líta svo á að ekki hafi verið tilefni fyrir Neytendastofu til að komast að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði með umræddri háttsemi brotið gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005.

47. Með vísan til framangreinds verður hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Hjördís Halldórsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson